

Ed.

136. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

1. gr.

Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkuð áfengi sje í skipinu, og þá hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, er ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að innsigli sjeu ekki brotin, eða af áfenginu tekið fyr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsiglin sjeu heil, og ekkert hafi verið tekið af áfenginu.

Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipinu.

Ef áfengi hefir verið skotið undan innsiglan, varðar sem innsiglisrof.

Ekkert íslenskt fiskiskip má flytja nokkurt áfengi til landsins.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum öllum gegn þessari grein.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

Sleppa má rannsókn og innsiglan í erlendum fiskiskipum, sem koma hingað í höfn eða að landi snöggvast, ef lögreglustjóri telur það hættulaust.

2. gr.

Nú er maður ölvaður á almannafæri, og má þá láta hann sæta sektum frá 10 til 100 króna. Þá skal hann og gera grein fyrir því, hvernig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Geti hann ekki fært sönnur á, að hann hafi fengið það, án þess brotin væri lögum um aðflutningsbann á áfengi, skal hann talinn brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

Taka má fastan hvern þann mann, er ölvaður er á almannafæri, en ekki má hafa hann í gæsluvarðhaldi lengur en 24 klukkustundir.

3. gr.

Nú verður það uppvíst, að einstakir menn hafa áfengi í vörslum sínum, sem ekki hefir verið sagt til samkvæmt því, sem ráð er fyrir gert í 11. gr. nefndra laga, innan 4 vikna eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal þá líta svo á, að þeir hafi gerst brotlegir gegn 1. gr. oftgreindra laga frá 1909.

Lögreglustjóri skal, hver í sinu umdæmi, auglýsa ákvæði þessarar greinar, á þann hátt, sem gerist um opinberar auglýsingar, í síðasta lagi 14 dögum áður en umgetinn frestur er liðinn.

4. gr.

8. gr. oftnefndra aðflutningsbannlaga orðist svo :

Öllum, sem samkvæmt lögum þessum hafa heimild til innflutnings á áfengi, er óheimilt að veita það, gefa, selja eða láta af hendi til annars manns, nema það sje áður gert óhæft til drykkjar.

Þó mega lyfsalar og hjeraðslæknar selja mönnum eftir lyfseðli löggilts læknis það áfengi, sem löggilt er til lækninga.

Bannað er að löggilda til lækninga í lyfjaskrá landlæknis þá áfengisvökva, sem ætlaðir eru til neyslu.

Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur landlæknir reglur því til tryggingar, að áfeng lyf verði ekki höfð til neyslu, heldur eingöngu til lækninga.

Um sölu áfengis, sem gert hefir verið óhæft til drykkjar, setur Stjórnarráðið reglur því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að brugga úr því áfenga drykki.

5. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða 200 til 2000 króna sektum, er renna í landssjóð. Áfengi, er íslensk fiskiskip flytja til landsins, skal upptækt og er eign landssjóðs.

6. gr.

5., 8. og 13. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 eru úr gildi feldar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og annast Stjórnarráðið um, að þau sjeu kunnger öllum lögreglustjórum landsins jafnskjótt.